



KENNASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2019

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. 149. löggjafarþing 2018–2019, þingskjal 1262 — 801. mál.

Kennarasamband Íslands (KÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

KÍ fagnar þeirri áherslu sem hefur verið lögð á sveigjanleika og samráð í samningsferlinu. Reynslan hefur sýnt að það er öflug leið til framfara í menntamálu. KÍ minnir á nýlega úttekt Evrópumíðstöðvar á tilteknum þáttum íslenskrar skólaþróunar sem gaf skýrt til kynna að innleiðingu breytinga í íslensku menntakerfi þurfi að fylgja meiri stuðningur og eftirfylgni. Þær viðamiklu breytingar sem nú er stungið upp á standa og falla með þeirri útfærslu og þeim stuðningi sem þeim fylgir.

KÍ vill sérstaklega vekja athygli á fjórum meginatriðum í umsögn sinni.:

1. Hæfniramma
2. Matsnefnd
3. Kennararáði
4. Ráðningum og auglýsingum

Athugasemdir KÍ við einstakar greinar frumvarpsins

Umsögn KÍ um 3 og 4. gr.

Almennt má segja um almennu hæfniviðmiðin að þau einkennist af anda núgildandi menntastefnu. Með því að leggja áherslu á hæfni með þeim hætti sem gert er verður til ákveðið samræmi í íslensku menntakerfi. Í lögunum eru sett fram bæði almenn og sérhæfð hæfniviðmið sem „nýtast sem leiðsögn um inntak kennaramenntunar, eru viðmið um skilyrði fyrir leyfisbréfi, eru grunnur að innra og ytra mati á gæðum skólastarfs, veita leiðsögn um starfsþróun og endurmenntun kennara og veita leiðsögn við ráðningu kennara.“ Nálgun út frá hæfniviðmiðum er ekki einföld og því er afar mikilvægt að útfærslan sé vönduð og ígrunduð sem og að nægur sveigjanleiki sé til staðar til að bregðast við mögulegum álitamálum og umbótum. Það kann að vera flókið að byggja ákvarðanir, t.d. við ráðningar, á almennum og opnum viðmiðum og erfitt getur reynst að velja hæfasta einstaklinginn úr hópi umsækjenda.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Einstök viðmið kunna að vera svo metnaðarfull að hæpið sé að kennari, sérstaklega við upphaf starfsævinnar, uppfylli þau í raun og veru. Þar sem hæfniviðmið hafa í þessari útfærslu mikið vægi á öllum sviðum skólastarfs skiptir máli að þau séu raunhæfur grunnur sem byggja má á og séu það leiðarljós sem þeim er ætlað að vera á eðlilegan og sanngjarnan hátt.

Þá veldur nokkrum vanda að árekstrar eða ósamræmi getur komið upp milli þeirra hæfniviðmiða sem hér er kveðið á um og þeirra viðmiða sem stýra inntaki kennaramenntunar með gæðaviðmiðum íslenskra háskóla.

Þessari nálgun þarf því að fylgja verulegur stuðningur og leiðbeiningar. Þá þarf að vera til staðar kerfislægur sveigjanleiki og víðtækt samráð. Líklega fer betur á því að hæfniviðmiðin sjálf séu í reglugerð en lögum.

Umsögn KÍ um 5. gr.

KÍ fagnar því að gerðar séu sérhæfðar kröfur um stjórnendur í skólakerfinu. Mikilvægt er að menntun og starfsþróun stjórnenda einkennist af metnaði ekki síður en kennara.

KÍ telur eðlilegt að kennarar, t.d. í tónlistarskólum, sem uppfylla öll skilyrði laganna um hæfni og menntun geti í krafti þess hlotið þá viðurkenningu sem leyfisbréf er enda sé til opinber námskrá um starfsemi skólanna og uppbygging námsins sé í samræmi við annað kennaranám. Leggur KÍ því til að útfærsla á starfsréttindum í tónlistarskólum verði unnin í góðu samstarfi menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Illskiljanlegt er hvers vegna kennararáði er ætlað að eiga í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um hæfniramma þar sem gert er ráð fyrir að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa í kennararáðinu. Þessi tvöfalda aðkoma er óþörf enda hlýtur að vera gert ráð fyrir því að allir fulltrúar í kennararáði starfi í nánú sambandi við bakland sitt.

KÍ bendir á að upptaka hæfniviðmiða er mikil breyting. Sú lágmarkshæfni sem kveðið er á um, hvort sem um er að ræða almenna eða sérhæfða hæfni, nær ekki til nema hluta kennaranáms til meistaraáráðu. Þá er ekki gerður greinarmunur á uppeldis- og kennslufræði eftir aldri nemenda eða kennslugreinum. Þetta getur skapað erfiðleika við að tryggja gæða kennaramenntunar og dregið úr sérhæfingu.

Að öðru leyti vísar KÍ til umsagna einstakra aðildarfélaga um sérhæfð viðmið.

Umsögn KÍ um 7. gr.

Kennararáði er falið víðtækt hlutverk í frumvarpinu. Það hlutverk er þó enn mjög óljóst og því telur KÍ mikilvægt að skerpa verulega á formlegu hlutverki ráðsins. Þá þarf að skoða hlutverk þess og stöðu sérstaklega með hliðsjón af því samráði sem þegar er til staðar og hlutverki svipaðra kennararáða erlendis.

Starfshópur um framtíðarskipan kennaramenntunar frá árinu 2006 lagði á það áherslu að hér á landi yrði til kennararáð að írskri og skoskri fyrirmynd. Sú skipan sem nú liggur fyrir í drögunum er ekki nema að mjög takmörkuðu leyti í samræmi við hinar erlendu fyrirmyndir. Ástæða er til að skoða þennan þátt málsins sérstaklega. Kennararáð geta verið öflugur vettvangur til að standa vörð um fagmennsku og gæði í skólasamfélaginu. Til þess að svo geti verið þurfa þau vel skilgreind verkefni, umboð og stuðning. Ef horft



KENNASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

er til Skotlands og Írlands sjáum við hve öflug slík ráð geta verið ef rétt er á málum haldið. KÍ vill því nota tækifærið til að hnykkja á þessu atriði sérstaklega. Þá bendum við á að kennararáði þarf að fylgja fjármögnun frá upphafi enda er það gert í þeim ríkjum sem hér um ræðir.

KÍ áréttar mikilvægi faglegs samráðs. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins verður Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda lagt niður verði frumvarpið að lögum. Samstarfsráð hefur á síðustu misserum unnið mjög mikilvægt starf við mótun og stefnumörkun starfsþróunar kennara. Verði samstarfsráðið lagt niður er mikilvægt að finna verkefnum þess farveg innan kennararáðsins og tryggja samstarf og aðkomu háskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sveitarfélaga og KÍ að starfsþróun kennara með skuldbindandi hætti. Þá væri mikilvægt að kennararáð hefði forystu í upplýsingaöflun, umræðu, stefnumótun og miðlun um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Ljóst er af frumvarpinu að kennararáði er ætlað hlutverk við leiðsögn og ráðgjöf. Þó er ekki ljóst með hvaða hætti það á að sinna þessu hlutverki sínu eða gagnvart hverjum. Æskilegt er að hlutverk þess að þessu leyti sé afdráttarlaust og skýrt og að grundvöllur alls starfs ráðsins sé traustur og skuldbindandi, t.d. fjárhagslega, svo það geti sinnt þeim verkefnum sem því er ætlað.

Loks leggur KÍ til að í kennararáði eigi ekki aðeins sæti fulltrúar skólastiganna, heldur allra skólagerða sem heyra undir KÍ. Eins bendir KÍ á að erlendis eiga fulltrúar kennaranema gjarnan fulltrúa í kennararáðum. KÍ telur að slík tilhögun myndi styrkja starfsemi ráðsins.

Umsögn KÍ um 8. gr.

Mikilvægt er að nám sem viðurkennt er til kennsluréttinda hafi verulegt kennslufræðilegt inntak. KÍ fagnar því að háskólum sé treyst til að útfæra nám til kennsluréttinda með fjölbreyttum hætti. Sérstaklega er ánægjulegt að kennarar hafi val um Med og MT gráðu og að háskólar fái þannig viðtækari heimild til að útfæra réttindanámið.

Umsögn KÍ um 9. gr.

Að því gefnu að öflugt og virkt samráð sé um kennaramenntun, t.d. á vettvangi kennararáðs, telur KÍ eðlilegt að háskólarnir séu leiðandi í inntaki kennaramenntunar og útgáfu leyfisbréfa.

KÍ leggur mikla áherslu á að matsnefnd, sambærileg þeirri sem kveðið er á um í 7. gr. nógildandi laga, starfi áfram. Matsnefndin hefur reynst mjög mikilvægur vettvangur við úrlausn mála sem geta verið flókin. Þar skiptir öllu máli hið víðtæka samráð sem haft er í starfi nefndarinnar og víðtæk þekking þeirra sem nefndina skipa. KÍ dregur í efa að breyting á starfi matsnefndar leiði til einföldunar á mati á námi, heldur muni þvert á móti gera matið flóknara og verra.

Umsögn KÍ um 10. gr.

Þar sem aðildarríki EES og EFTA gera mismunandi kröfur til þess að öðlast réttindi til kennslu er mikilvægt að tryggja að til þess að hljóta leyfisbréf til kennslu á Íslandi sé ekki aðeins nauðsynlegt að vera með réttindi til kennslu í öðru EES eða EFTA ríki heldur þurfi viðkomandi einstaklingur að uppfylla sambærileg skilyrði t.d. að því er varðar lengd og inntak náms og þarf til að öðlast leyfisbréf til kennslu á Íslandi skv. íslenskum lögum.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Því telur KÍ að meta þurfi í einstökum tilvikum hvort kennarapróf, tekin erlendis, uppfylli þær menntunar- og hæfnikröfur sem gerðar eru til kennara hér á landi, að teknu tilliti til þeirra laga og reglna sem gilda um slíkt mat. Það mat ætti að mati KÍ að vera á hendi matsnefndar.

Umsögn KÍ um 11. gr.

KÍ telur eðlilegt að kröfur um ráðningar til starfa með börnum og ungmennum séu samræmdar við ákvæði Æskulýðslaga nr. 70/2007.

Það er mikilvægt að ekki séu gerðar minni kröfur um ráðningar í skólum en í æskulýðsstarfi. Því er rétt að bætt sé við setningunni „*Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum.*“ við 3. mgr. 11. gr.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við leik-, grunn- og framhaldsskóla sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.“ Því er mikilvægt að þeir einstaklingar sem taka ákvörðun um ráðningu séu bæði búnir að fá umboð til að afla gagna frá sakaskrá og fá sakavottorð áður en lokaákvörðun um ráðningu er tekin. Ekki er nægjanlegt að fá aðeins umboðið þegar slík ákvörðun er tekin eins og fram kemur í athugasemdum við 11. gr. frumvarpsins. Lagt er til að 3. mgr. 11. gr. yrði eftirfarandi:

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við leik-, grunn- og framhaldsskóla sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð frá sakaskrá.

Umsögn KÍ um 12. gr.

Fram kemur að ekki sé skylt að auglýsa þau störf sem getið er um í 17. gr. Vísað er til athugasemda KÍ við 17. gr. Mikilvægt er að 17. gr. verði skipt upp í þrjár málsgreinar og að þessi undantekning að því er varðar undanþágu auglýsingaskyldu eigi aðeins við um 1. og 3. mgr. 17 gr. en ekki sérstaklega um sérfræðinga sem sinna kennslu bók- og list- og tungumálanáms.

Eðlilegt er að Menntamálastofnun hafi einnig samráð við KÍ varðandi gerð leiðbeininga um verklag við ráðningar kennara enda er m.a. kveðið á um auglýsingar í kjarasamningum. Lagt er til að 3. mgr. 12 gr. orðist með eftirfarandi hætti:

Menntamálastofnun gefur út leiðbeiningar um verklag við ráðningar kennara og stjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla að höfðu samráði við ráðuneytið, ráðuneyti sem fer með starfsmannamál ríkisins, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Umsögn KÍ um 16. gr.

Taka þarf fram hver ráði skólameistara í framhaldsskólum.

Umsögn KÍ um 17. gr.

Þessari grein þarf að skipta í þrjár málsgreinar þannig að önnur málsgrein hefjist á: „Gert er ráð fyrir...“, sbr. umsögn KÍ um 12. grein.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Orðalag greinarinnar er enn fremur óskýrt og frábrugðið orðalagi nógildandi laga þrátt fyrir að fram komi í athugasemdum við greinina í frumvarpinu að greinin eigi að vera efnislega sambærileg við 2. og 3. mgr. 11. gr. og 16. gr. í nógildandi lögum. Ætla má að verði orðalagi greinarinnar ekki breytt til samræmis við orðalag nógildandi laga þá kunni greinin að vera túlkuð með gjörólíkum hætti en framangreindar greinar í nógildandi lögum.

Heimild til ráðningar:

Samkvæmt 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 annast framkvæmdastjóri viðkomandi sveitarfélags ráðningu annarra starfsmanna en þeirra sem sinna æðstu stjórnunarstöðum hjá sveitarfélaginu nema annað sé ákveðið í samþykkt eða almennum fyrirmælum viðkomandi sveitarfélags. Vissulega hafa mörg sveitarfélög sett inn í samþykktir sínar að forstöðumenn viðkomandi stofnana (skólastjórar eða skólastjórnendur í tilvikum leik- og grunnskóla) hafi heimild til ráðninga en ekki er hægt að alhæfa að slíkt sé tekið fram í samþykktum allra sveitarfélaga.

Af orðalagi 17. gr. („Skólastjórnendum er heimilt að ráða“) má ætla að búið sé að veita öllum skólastjórnendum heimild til að ráða starfsmenn til starfa í skólum sveitarfélaga. Það er eðlilegt og því hið besta mál að skólastjórnendur hafi slíkt vald en mikilvægt er að hafa í huga að ef gefa á öllum skólastjórnendum fullt vald til ráðninga starfsmanna í skólum þá er mikilvægt að breyta orðalagi sveitarstjórnarlaga til samræmis við það. Kí gerir ekki athugasemd við að skólastjórnendum verði falið vald með lögum til að ráða starfsmenn skóla.

Ráðning sérfræðinga sem ekki hafa rétt til að nota starfsheitið kennari:

Af orðalagi 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins má skilja að heimilt verði að ráða sérfræðinga í grunn- og framhaldsskóla til allt að 12 mánaða til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga án auglýsingar og án þess að málið fari fyrir undanþágunefnd. Kí gerir alvarlega athugasemd við greinina. Þessi heimild er ekki til staðar í nógildandi lögum nema um sé að ræða sérfræðing sem kennir sérgrein sína og að kennsla nemi 240 mínútum eða minna á viku. Kí leggst gegn því að sú heimild verði víkkuð út.

Fjöldmörg dæmi eru um alvarleg brot á lögum um ráðningar og þess eru jafnvel dæmi að blekkingum sé beitt. Sem dæmi má nefna:

- Auglýsingar sem byggja á ómálefnalegum sjónarmiðum, t.d. að auglýst sé eftir kennara sem ekki er kominn með kennsluafslátt.
- Ráðning einstaklinga sem ekki hafa leyfisbréf til fullrar kennslu án þess að það sé borið undir undanþágunefnd.
- Undanþágunefnd hafa vísitandi verið sendar rangar upplýsingar.

Erfitt hefur verið að taka á slíkum málum enda skortir í mörgum tilfellum viðurlög. Það skal því ítrekað að Kí leggst alfarið gegn því að heimilt verði að ráða aðra en þá sem hafa rétt skv. þessu frumvarpi til að kalla sig kennara nema á grundvelli undanþágu undanþágunefndar eða að um sé að ræða sérfræðing sem er ráðinn tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Lengd tímabundinnar ráðningar án auglýsingar

Í 16. gr. nógildandi laga stendur að tímabundinni ráðningu án auglýsingar megi beita sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfelld. Nokkuð er um að starfsmenn fari í leyfi í einmitt 12 mánuði og því væri heppilegra að sá sem er ráðinn til afleysinga gæti leyst af í nákvæmlega 12 mánuði sem er einum degi meira en rúmast innan orðalagsins „skemur en 12 mánuði“. Verði orðalagið samþykkt óbreytt eins og það er í frumvarpinu væri heimilt að ráða kennara frá og með 1. ágúst 2020 til og með 30. júlí 2021 (í 364 daga) í stað frá og með 1. ágúst 2020 til og með 31. júlí 2021. Það myndi skapa óþarfa flækjur við uppgjör launa kennara m.a. vegna ávinnslu orlofs og sumarlaunahluta.

Samantekt

Lagt er til að 17. gr. verði orðuð með eftirfarandi hætti:

Sérstök tilvik við ráðningar í grunn- og framhaldsskóla.

Kennsla skal falin kennurum sem þegar hafa ráðningu eftir því sem við verður komið. Heimilt er að ráða, án auglýsingar, kennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis, enda sé afleysingu ætlað að standa í 12 mánuði eða skemur.

Gert er ráð fyrir að sérfræðingar sem sinna kennslu bók- og listnáms á 2.–4. hæfniprepi og þriðja tungumáls í framhaldsskóla hafi að lágmarki þá hæfni sem krafist er við námslok á stigi 1.2. samkvæmt auglýsingu um útgáfu viðmiða um æðri menntun og prófgráður á viðkomandi fræðasviði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ráða sérfræðing tímabundið í tólf mánuði eða skemur til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.

Umsögn KÍ um 18. gr.

Að gefnu tilefni telur KÍ ótækt að minnka valdsvið undanþágunefndar og fela Menntamálastofnun að veita undanþágur. Til að ná þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa sett um hæfni og menntun kennara þarf að vera til staðar öflugt aðhald gagnvart veitingu starfsheimilda á grundvelli undanþágu. KÍ leggur því ríkulega áherslu á að undanþágubeiðnir hljóti víðtæka, faglega og formlega meðferð hér eftir sem hingað til.

Umsögn KÍ um 1. mgr. 18. gr.

Ákvæðið felur í sér efnislega breytingu þrátt fyrir að fram komi í greinargerð í athugasemdum við 18. gr. frumvarpsins að ekki sé um efnislega breytingu að ræða. Í 17. gr. nógildandi laga er ekki gerð krafa um að ákvörðun um ráðningu á grundvelli þeirrar greinar sé í höndum sveitarstjórnar eða rekstraraðila í tilvikum sjálfstætt rekinna leikskóla. KÍ gerir setur sig ekki uppi á móti því að bera þurfi allar slíkar ráðningar undir framangreinda aðila enda er æskilegt að þeir fái góða yfirsýn yfir skort á kennurum en bendir á að um mikinn fjölda mála er að ræða ár hvert.

Umsögn KÍ um 2. og 3. mgr. 18. gr.

KÍ gerir alvarlega athugasemd við að undanþágunefnd taki ekki lokaákvörðun um veitingu undanþága.



KENNASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Umsögn KÍ um 5. mgr. 18. gr.

KÍ er hlynnt því að upplýsingum sé safnað. Það er hins vegar ekki nóg að afla upplýsinga. Í lögum þurfa að vera viðurlög við vísitandi brotum á lögum um ráðningar kennara.

Umsögn KÍ um 6. mgr. 18. gr.

Skilja má 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins á þann veg að heimilt sé að ráða sérfræðing annan en kennara óháð ráðningarlutfalli til allt að árs til að sinna kennslu án þess að auglýsa starfið. Er það mikil breyting frá núgildandi lögum þar sem sú undanþága gildir almennt aðeins um tímabundna ráðningu kennara sem hefur leyfisbréf á viðkomandi skólastigi og sérfræðinga sem kennir kennslugrein sína í 240 mínútur eða skemur á viku.

KÍ gerir alvarlega athugasemd við að heimilt verði að ráða aðra en kennara t.d. sérfræðinga til afleysinga án auglýsingar og án þess að ráðningin fari fyrir undanþágunefnd að því undanskildu að KÍ getur fallist á að heimilt sé að ráða sérfræðing tímabundið og aldrei til meira en eins árs í senn til að sinna kennslu á sérgrein sinni í 240 mínútur eða skemur á viku án auglýsingar og án þess að skylt sé að ráðningin fari fyrir undanþágunefnd. KÍ er fyrirmunað að skila hvernig orðalagið „og aðra sérfræðinga í 1. mgr. 17. gr. gat ratað inn í frumvarpið og er afar mikilvægt að þau orð falli út.

Umsögn KÍ um 7. mgr. 18. gr.

Eðlilegra væri að undanþágunefnd tæki ákvörðun um undanþágur og að málsaðili gæti skotið ákvörðun hennar til ráðherra. KÍ mótmælir því að Menntamálastofnun taki ákvörðun um hvort veita skuli undanþágur.

Umsögn KÍ um 8. mgr. 18. gr.

Eins og að framan greinir lítur KÍ svo á að undanþágunefnd eigi að taka ákvörðun um veitingu undanþága en ekki Menntamálastofnun. Það væri því eðlilegt að undanþágunefnd veitti heimild til lausráðningar ef við á.

Athugasemd um stöðu kennaranema í launuðu starfsnámi

KÍ bendir á óljósa stöðu kennaranema í launuðu starfsnámi. Meginreglan ætti ávallt að vera sú að störf séu auglýst jafnvel þótt kennaranemar séu ráðnir, enda sé stofnað til hefðbundins ráðningarsambands við þá til kennslustarfa. Að öðrum kosti má ætla að meginreglur stjórnsýslulaga séu brotnar þar sem nemar og kennarar hafa ekki kost á að sækja um lausar stöður séu þær ekki auglýstar. Þannig verður erfitt að upplýsa hver hefði verið hæfasti umsækjandinn og jafnræðis er ekki gætt. Það er ekki síst réttlætismál fyrir nema að nemastöður séu auglýstar svo allir kennaranemar hafi kost á að sækja um þær en ekki aðeins þeir sem eru vel tengdir inn í viðkomandi skóla. Auglýsingaskyldan er einn af hornsteinum jafnræðis að því er varðar ráðningar og er m.a. ætlað að koma í veg fyrir frændhygli og að tengsl hafi áhrif á hver sé ráðinn. Þá er auglýsingaskylda líkleg til að leiða til þess að fleiri sækji um viðkomandi starf og þar með sé úr fleiri umsækjendum að velja sem eykur líkurnar á að sá hæfasti sé ráðinn. Það væri mikil afturför ef takmarka á enn frekar auglýsingaskyldu. Þess má geta að sum sveitarfélög hafa kosið að setja





KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is


ítarlegri og strangari reglur en núgildandi lög kveða á um einmitt til að auka gagnsæi og stuðla að góðum stjórnsluháttum.

Kí telur þó að málefnalegt geti verið að taka upp ákvæði, svipað því sem finnst í núgildandi lögum, sbr. 3. mgr. 18. gr., um undanþágu frá ítrekaðri auglýsingaskyldu vegna ráðningar kennaranema.

Virðingarfyllst,
f.h. Kennarasambands Íslands


Ragnar Þór Pétursson
Formaður KÍ


Anna María Gunnarsdóttir
Varaformaður KÍ


Anna Rós Sigmundsdóttir
Lögmaður KÍ